


beurer

MG 70

INNRAUTT NUDDTÆKI



Lýsing á tækinu:

- A Stillir (stiglaus hraðastilling á nuddi)
- B Rofi OFF = slökkt M = Nudd M+H = Nudd og innrauður hiti
- C Nuddflötur með innrauðum hita
- D Halda fyrir handlykkju
- E Takkar fyrir læsingu á handfangi
- F Rafmagnssnúra
- G Handfang sem hægt er að fjarlægja
- H Útskiptanlegir nuddpúðar: Mjúkur púði og púði með göddum
- I Nuddhaus
- J Handlykkja
- K Lok yfir innstungu

Varúð:

Notið tækið ekki lengur en í tuttugu mínútur í einu til að forðast ofhitnun.

Þeim sem eru með hjartagangráða er ráðlagt að hafa samband við lækni og spyrja hann ráða hvort þeir megi nota tækið. Notið tækið aldrei nálægt hjartasvæði.

Notið tækið aldrei á mjög bólgin svæði, brennd eða þar sem sár eru fyrir hendi.

Eftirfarandi hluti á heldur ekki að nudda; bein (þ.e.a.s. liðamót og hryggjaliði), höfuð eða aðra viðkvæma líkamshluta.

Notið tækið ekki ef þið eruð með kvef og háan hita, ekki á svæði þar sem eru æðahnútar, ef þið hafið fengið blóðtappa, æðabólgu, gulu, sykursýki, taugaveiki eða eruð barnshafandi.

Notið tækið aldrei í rúmi, og gætið þess að sofna ekki út frá tækinu í gangi.

Notkun

Notið tækið eingöngu til að nudda líkamsvæði.

Ákveðið hvort þið viljið nota tækið með handfanginu eða án þess og notið það þá með handlykkjunni. Til að fjarlægja handfangið, þrýstið þið samtímis á losunartakkana (E) beggja megin og togið handfangið af tækinu. Setjið lokið (K) á tækið þar sem handfangið var áður.

Setjið hendina undir handlykkjuna og stillið lykkjuna með franska rennilásnum þannig að það sé þægilegt að halda um nuddhausinn.

Ef þið viljið setja handfangið á tækið á ný, fjarlægið þið lokið og setjið handfangið aftur á tækið og þannig að þið heyrið það smella á sinn stað.

Þið getið notað tækið með eða án nuddpúðanna. Ef þið notið púðana getið þið valið hvorn sem ykkur líkar betur að nota. Ef þið notið tækið með **M + H** (nudd og innrauður hiti) munu nuddpúðarnir koma í veg fyrir að hitinn komist frá tækinu. Þess vegna ættu þið eingöngu að nota tækið á stillingu **M** ef þið notið nuddpúðana.

Stillið tækið annaðhvort á **M** (eingöngu nudd) eða **M+H** (nudd og innrauður hiti) og stillið hraðann eftir því hvernig þið viljið hafa hann.

Þið getið notað tækið hvort sem þið standið, sitjið eða liggið, og þið getið annaðhvort nuddað ykkur sjálf eða nuddað einhvern annan. Styrkleika nuddsins getið þið ráðið sjálf með því að þrýsta lausar eða fastar á tækið.

Nuddið sama líkamshluta aldrei lengur í einu en 3 mínútur en farið þá yfir á annan líkamshluta. Notið tækið aldrei lengur en í 20 mínútur í einu og látið það þá kólna niður.

Hreinsið tækið eingöngu með því að strjúka það með rökum klút. Þið getið einnig notað mjög mildan hreinsilög. Látið tækið hins vegar aldrei komast í samband við vatn og að sjálfsögðu má vatn aldrei komast inn í tækið.

Nánari upplýsingar veitir umboðsaðili okkar:

PFaff hf, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík, s: 414-0450
www.pfaff.is